

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal veittur hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. apríl 2003 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 570, 16. júlí 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015, Jarðbaðshólar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði við Jarðbaðshóla stækkar og er flutt til suðvesturs. Breytingin þýðir að um 10 ha svæði innan landgræðslugirðingar verður verslunar- og þjónustusvæði en landbúnaðarsvæði og svæði þar sem skipulagi er frestað stækkar sem nemur gildandi verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Gerður er fyrirvari um niðurstöðu ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda við Jarðbaðshóla skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.